

ÚRSKURÐUR
uppkveðinn 2. september 2016

í kærumálinu:

Sigurður Bragi Guðmundsson og
Aðalsteinn Símonarson

gegn

Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur

Aga- og úrskurðarnefnd AKÍS

Í kærú sem barst Úrskurðarnefndinni 5. júlí 2016 í óundirrituðu og ódagsettu fylgiskjali með tölvupósti, kærir áhöfn bíls nr. 25 í keppninni, þeir Sigurður Bragi Guðmundsson og Aðalsteinn Símonarson, Bifreiðaíþróttaklúbb Reykjavíkur vegna atviks sem átti sér stað í Hólmavíkurrally sem haldið var 25. júní 2016. Um var að ræða meinta hindrun áhafnar bíls nr. 8 á framúrakstri bifreiðar nr. 25. Bifreið nr. 8 mun hafa glímt við laskaðan stýrisbúnað, en verulegur rykmökkur lá yfir þeim hluta keppnisbrautar þar sem meint hindrun átti sér stað. Tekið er fram í kærúni að hindrunin þurfi ekki að hafa verið vísitandi en áhöfn hinnar löskuðu bifreiðar hafi mátt vera ljóst að þeir myndu hægja á þeim sem á eftir kæmu.

Kærendur gera eftirfarandi kröfur:

Gerð er krafa um að úrskurður dómnefndar í Hólmavíkurrally 25. júní 2016 verði ógiltur og áhöfn bíls nr. 8 verði gerð refsing fyrir að hindra áhöfn bíls nr. 25 á sérleið nr. 8 í keppninni. Jafnframt er gerð krafa um að kærða, Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur, verði gerð áminning sem keppnishaldara og gert að sjá til þess í framtíðinni að skipan og störf dómnefndar á hans vegum verði í samræmi við lög og reglur.

Til vara er gerð krafa um að úrskurður dómnefndar í Hólmavíkurrally 2016 verði ógiltur og ný dómnefnd skipuð sem tekur málið til efnislegrar meðferðar.

Álit úrskurðarnefndarinnar:

Eins og fram kemur hér að framan barst nefndinni óundirrituð og ódagsett kæra í fylgiskjali með tölvupósti. Að öðru jöfnu telur nefndin að kæra á því formi sé ekki eiginleg kæra sem fullnægir almennum lágmarks formkröfum sem m.a. hafa þann tilgang að tryggja að réttur aðili standi að baki kærú en gr. 7.2 í reglugerð AKÍS, um aga- og úrskurðarmál, kveður m.a. á um þær formkröfur sem gerðar eru til kærú. Því kom til alvarlegrar skoðunar hjá nefndinni að taka mál þetta ekki til efnismeðferðar. Þar sem umrædd kæra uppfyllti að öðru leyti allar formkröfur, ekki lék vafi á frá hverjum hún stafaði og nefndin hefur ekki gefið leiðbeiningar um stranga túlkun formreglna þótti rétt að þessu sinni að taka málið til meðferðar hjá nefndinni.

Að því er sjálft efni kærúnnar varðar þykir hins vegar verða að styðjast við almennt viðteknar réttarfarsreglur um aðild og kröfugerð. Í máli þessu er aðeins Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur kærður þó gerð sé m.a. krafa um: "að áhöfn bíls nr. 8 verði gerð refsing fyrir að hindra áhöfn bíls nr. 25 á sérleið nr. 8 í keppninni." Þar sem fyrrgreind áhöfn er ekki aðili að málinu verður þegar af þeirri ástæðu að vísa þeim þætti kærúnnar frá. Atvik málsins sjálfs koma því ekki til frekari skoðunar.

Að því er varðar störf og skipan dómnefndar á vettvangi tekur nefndin undir það með kærendum að þar voru vissar brotalamir. Þannig verður að teljast almennt óheppilegt að framkvæmdastjóri AKÍS sinni dómnefndarstörfum á vettvangi vegna hugsanlegrar aðkomu hans að málum í kærúferli. Ekki verður hins vegar séð að í þessu tilviki hafi það haft úrslitaáhrif. Þá hefur ekki heldur verið sýnt fram á tengsl annarra dómnefndarmanna við aðila máls með þeim hætti að varði ógildingu úrskurðar og skipunar nýrrar dómnefndar. Þá er einnig vandséð að slíkt úrræði eigi almennt við þegar horft er til þess að úrskurðarnefnd á vettvangi er einungis ætlað að kveða upp úr um deilumál eins og þau horfa þá og þar við mönnum. Slíkar ákvarðanir verða almennt ekki teknar aftur þó þær þurfi á hinn bóginn að sæta endurskoðun áfrýjunaraðila. Nefndin vill hins vegar vekja athygli á að mikilvægt er ef dómefndarmaður vísar sæti vegna vanhæfis að hann hafi þá hvorki afskipti af störfum nefndarinnar né sé sá aðili sem tilkynni um niðurstöðu hennar.

Ekki eru með vísan til þess sem að framan er rakið efni til að taka til greina þær kröfur sem snúa að kærða, Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur, sem varða ógildingu úrskurðar og skipan nýrrar dómnefndar.

Krafan um að hinum kærða verði gerð áminning sem keppnishaldara er vanreifuð og því vísað frá sem og kröfunni um að keppnishaldara verði gert að sjá til þess í framtíðinni að skipan og störf dómnefndar á hans vegum verði í samræmi við lög og reglur. Síðarnefnda krafan um að kærða verði gert að sjá til einhvers í framtíðinni er auk þess ekki tæk til úrskurðar.

Í málsatvikalýsingu kærunefndar sem kveðinn var upp 28. júní 2016 er þess getið í lýsingu málsatvika að bíll nr. 25 hafi hvorki flautað né stuðað bíl nr. 8. Þó hvorki sé beinlínis á þessu byggt í niðurstöðum nefndarinnar né heldur gerðar sérstakar kröfur af þessu tilefni af hálfu kæranda fyrir Aga- og úrskurðarnefndinni, telur nefndin að framsetningin feli í sér að hugsanlega hefði það getað talist eðlilegt að aka á eða "stuða" keppnisbíl til þess að reyna að komast fram úr. Slík framgangna getur eftir atvikum verið stór hættuleg auk þess sem hún er ólögleg. Ekki verður hjá því komist að gera alvarlegar athugasemdir við þessa framsetningu.

Úrskurður þessi er kveðinn upp af Skúla Bjarnasyni, Hannesi J. Hafstein, Þórhalli Birgissyni, Berglindi Jónasardóttur og Árna Árnasyni.

Úrskurðarorð

Kröfum er varða akstur áhafnar bíls nr. 8 í Hólmavíkurrally 2016 er vísað frá nefndinni. Hafnað er kröfum á hendur kærða, Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur um ógildingu úrskurðar og skipan nýrrar dómnefndar. Kröfum á hendur kærða um áminningu og að honum verði gert að sjá til þess í framtíðinni að skipan og störf dómnefndar á hans vegum verði í samræmi við lög og reglur, er vísað frá nefndinni.